

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING KVÍKU EIGNASTÝRINGAR HF.

Kvíka eignastýring hf. (hér eftir „KES“ eða „félagið“) fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. KES hagar stjórnarháttum sínum í öllum meginatriðum í samræmi við 6. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins í febrúar 2021 og tóku gildi 1. júlí sl... Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands www.vi.is. KES fylgir jafnframt í starfsemi sinni viðurkenndum viðmiðum og reglum evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja (hér eftir „viðmiðunarreglur EBA“).

Hér að neðan er að finna ítarlegar upplýsingar um einstaka þætti stjórnarháttanna KES og eru kaflaheitin í meginráttum í samræmi við leiðbeiningarnar um stjórnarhætti að því marki sem við á.

Lög og reglur

1. Tilvísanir í þær reglur um stjórnarhætti sem KES fylgir eða ber að fylgja samkvæmt lögum og hvar slíkar reglur eru aðgengilegar almenningi:

KES er fjármálastofnun sem starfar á grundvelli starfsleyfa frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (hér eftir „FME“) sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Starfsleyfið tekur til reksturs sérhæfðra sjóða, sbr. 1. og 2. mgr. 9. gr. laganna eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar, vörslu og umsýslu hlutdeildarskírteina eða sjóða um sameiginlega fjárfestingu og móttöku og miðlun fyrirmæla varðandi fjármálagerninga, sbr. 1-4. tölul. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 45/2020. Auk þess hefur félagið starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða á grundvelli 5. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði. Um starfsleyfi KES gilda þannig reglur og tilmæli FME og Seðlabankans og ýmis önnur lagaákvæði um fjármálamarkaði. Þá starfar félagið einnig samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, lögum um hlutafélög nr. 2/1995, samkeppnisögum nr. 44/2005, lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018. Þá tryggir KES persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Nánari upplýsingar um FME ásamt yfirliti yfir helstu lög og reglur sem um starfsemi KES gilda á hverjum tíma má finna á heimasíðu FME www.fme.is og heimasíðu KES www.kvikaeignastyring.is. Þá fylgir KES sem fyrr segir leiðbeiningunum um stjórnarhætti, viðmiðunarreglum EBA og ákvæðum 66. gr. c. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Í því skyni birtir félagið árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti í sérstökum kafla í ársreikningi og gerir grein fyrir stjórnarháttum á vefsíðu sinni.

2. Hvort KES víki frá hluta regnanna eða beiti engum ákvæðum þeirra. Greina skal frá ástæðum frávíka og þeim úrræðum sem gripið var til í stað þeirra:

Frávik KES frá leiðbeiningum um stjórnarhætti felast einkum í fjórum atriðum:

1. Aðalfundur er boðaður með tveggja vikna fyrirvara en ekki tveimur mánuðum fyrir lok reikningsársins.
2. Stjórn starfrækir sem stendur ekki starfskjaranefnd.
3. Það er ekki starfrækt tilnefningarnefnd í félaginu.

4. KES hefur ekki sett sér sérstaka stefnu um sjálfbærni né fjölbreytileika stjórnar og æðstu stjórnenda, með tilliti til aldurs, kyns eða menntunarlegs og faglegs bakgrunns, en þó hefur félagið sett sér stefnu um mat á hæfi stjórnar og framkvæmdastjóra samkvæmt viðmiðunarreglum EBA og með hliðsjón af 52. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, ákvæðum reglna nr. 150/2017 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja og leiðbeiningunum. Þá er í starfsreglum stjórnar fjallað um samsetningu stjórnar í samþykktum KES en þar kemur m.a. þó fram að samsetning stjórnar skuli vera með þeim hætti að stjórnin búi sameiginlega yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að skilja þá starfsemi sem félagið stundar, þ.m.t. helstu áhættuþætti. KES hefur einnig sett sér jafnréttisstefnu. Samkvæmt jafnréttisstefnu KES er stefna félagsins að hafa jafnræði og fjölbreytileika að leiðarljósi. Allt starfsfólk á að hafa möguleika á að nýta hæfileika sína í starfi og vera metið að eigin verðleikum, hafa jafna möguleika og sömu réttindi í starfi og til starfsframa óháð kyni, aldri og uppruna.

Stjórn KES metur reglulega kosti og galla hvers fráviks fyrir sig. Frávikin skýrast einkum af smæð félagsins, og þeirri staðreynd að félagið er að fullu í eigu tveggja hluthafa og ekki skráð í kauphöll. Í Kviku banka hf. móðurfélagi KES er starfrækt starfskjaranefnd stjórnar sem viðhefur virkt eftirlit á samstæðugrunni með öllum dótturfélögum bankans, þ.m.t. en ekki takmarkað við KES.

3. Lýsing á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringu KES í tengslum við samningu reikningsskila:

Stjórn KES ber ábyrgð á því að fyrir hendi sé virkt kerfi innra eftirlits hjá félaginu og byggir það á þremur varnarlínum (e. three lines of defense). Fyrsta varnarlínan samanstendur af stjórnendum og starfsmönnum viðskipta- og stöðeininga, sem hafa umsjón með daglegum rekstri og skipulagi félagsins. Meginábyrgð þeirra er að tryggja virkni og framkvæmd innri eftirlitsaðgerða í daglegum störfum. Önnur varnarlínan samanstendur af innri eftirlitseiningum, og eru megin einingarnar þar regluvarsla, sem hefur eftirlit með fylgni við lög og reglur, og áhættustýring sem mælir og metur áhættu og ber saman við viðmið félagsins. Öðrum einingum kann einnig að vera gefið eftirlitshlutverk. Þriðja varnarlínan samanstendur af innri endurskoðun sem á að tryggja að skipulag innra eftirlits sé til staðar og að það sé virkt. Það er meðal annars gert með sjálfstæðum könnunum og skýrslugjöf til stjórnar.

Innleiðing og framkvæmd innra eftirlits er á ábyrgð stjórnenda félagsins og eftirlitseininga. Innra eftirlit félagsins byggir á áhættumati og eftirlitsaðgerðum sem draga eiga úr áhættuþáttum í rekstri félagsins. Hluti af innra eftirliti er skjalað og formfast verklag sem starfsmenn félagsins fylgja í sínum daglegu störfum og er yfirfarið af eftirlitseiningum.

Kerfi innra eftirlits KES var komið á strax við stofnun félagsins til að bera kennsl á og takmarka áhættu í rekstri þess, ásamt því að gera upplýsingagjöf og uppgjör áreiðanlegri. Það tryggir KES þó hvorki algerlega gegn rangri upplýsingagjöf né mögulegu tapi. Stjórn KES setur einnig innri reglur varðandi starfsemi félagsins, þar á meðal áhættustefnu, lausafjárstefnu og reglur um fjárfestingar fyrir eigin reikning. Áhættustýring félagsins ber ábyrgð á að bera kennsl á hvers konar áhættu félagsins og sjóða í rekstri þess, að meta hana og stýra henni í samvinnu við framkvæmdastjóra KES. Áhættustjóri hefur einnig eftirlit með því að innri reglum félagsins sé fylgt í ákvarðanatöku. Stjórn og starfsnefnd stjórnar fær á hverjum reglulegum fundi yfirlit yfir áhættustýringu.

Árlega er gerð áætlun fyrir rekstur næsta árs. Rekstur KES í heild og hvers sjóðs er gerður upp mánaðarlega, en það gerir stjórn félagsins kleift að bera árangur saman við áætlanir, fylgjast með breytingum í rekstri og grípa til aðgerða ef um verulega neikvæðar breytingar er að ræða.

Innra eftirliti er að hluta útvistað til Kviku banka hf. Það á við um regluvörslu og innri endurskoðun. Innri endurskoðun fylgir leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2008 um endurskoðunardeildir fjármálafyrirtækja og 16. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Innri endurskoðandi framkvæmir eigin úttekt á hverju ári og skilar niðurstöðum beint til stjórnar KES.

Fjármála- og rekstrarsvið annast gerð ársreiknings sem gerður er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga nr. 3/2006. Ársreikningur er endurskoðaður af Deloitte, sem eru ytri endurskoðendur félagsins.

Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn fyrir því að koma á virku innra eftirliti og áhættustýringu í tengslum við gerð ársreiknings. Innra eftirlit og áhættustýring í tengslum við ársreikning eru skipulögð með það að markmiði að koma í veg fyrir verulega annmarka á reikningskilunum.

Stjórn KES og eftirlitseiningar staðreyna reglulega virkni innra eftirlits og áhættustjórnunar.

Gildi og samfélagsleg ábyrgð

4. Gildi KES, siðareglur og stefna um ábyrgar fjárfestingar:

Gildi KES hafa verið skilgreind og eru langtímahugsun, einfaldleiki og hugrekki. Stefna Kviku eignastýringar er eftirfarandi:



KES hefur innleitt stefnu um ábyrgar fjárfestingar vinnur að því að innleiða aðferðir ábyrga fjárfestinga við stýringu eigna. Það er mat félagsins að sjálfbær rekstur fyrirtækja og sjóða sé líklegri til að viðhalda góðri rekstrarafkomu til framtíðar. Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að tekið sé mið af umhverfislegum þáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum (UFS, e. ESG) við fjárfestingarákvarðanir með það að markmiði að draga úr áhættu og skila sjálfbærri ávöxtun til langs tíma. Stefna félagsins um ábyrgar fjárfestingar er sett með hliðsjón af meginreglum Sameinuðu þjónanna um ábyrgar fjárfestingar (e. UN PRI) sem gerir félaginu kleift að samþætta samfélagsábyrgð við núverandi verkferla þegar fjárfestingarákvarðanir eru teknar.

KES er stofnaðili að IcelandSIF auk þess sem fulltrúi félagsins er stjórnarformaður þess. Tilgangur samtakanna er að efla þekkingu íslenskra fjárfesta á aðferðarfræði sjálfbærra og ábyrga fjárfestinga. Samtökunum er ætlað að vera óháður vettvangur fyrir umræðu og fræðslu um ábyrgar og sjálfbærar

fjárfestingar. Kvika banki hf., móðurfélag KES undirritaði í júní 2020 meginreglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. Principles for Responsible Investment) fyrir hönd samstæðunnar. PRI eru alþjóðleg samtök fjárfesta sem vinna að því að innleiða grundvallarviðmið um ábyrgar fjárfestingar. Með því að skrifa undir meginreglur PRI um samfélagslega ábyrgð lýsa fjárfestar því yfir að saman fari langtímahagsmunir þeirra sem fjárfesta og samfélagsins í heild.

Á árinu 2021 var KES í hópi íslenskra fyrirtækja sem Creditinfo veitti viðurkenningu sem framúrskarandi fyrirtæki, níunda árið í röð. Einungis um 2% fyrirtækja á Íslandi hljóta þessa viðurkenningu ár hvert. Einnig hlaut félagið viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri árið 2021 að mati Viðskiptablaðsins og Keldunnar og var þannig í hópi 2,2% fyrirtækja landsins sem uppfylla skilyrðin við valið en þetta er fimmta árið í röð sem fyrirtækið hlýtur þessa viðurkenningu.

Í samræmi við gildi félagsins er því áhersla lögð á langtímaáhrif ákvarðana hvort sem þær snúa að innri málefnum félagsins eða viðskiptavina. KES leggur þannig áherslu á góða stjórnarhætti, samfélagslega ábyrgð og sjálfbæra þróun meðal annars í gegnum áhrifafjárfestingar hjá framtakssjóðum KES. Einnig leitast félagið til að hafa jákvæð áhrif á uppbyggingu og virkni íslensk fjármálamarkaðar. Menntun er að mati KES ein besta langtímafjárfestingin fyrir samfélög og einstaklinga. Þá leitast KES eftir fremsta megni að lágmarka neikvæð áhrif sem starfsemi félagsins kann að hafa á umhverfið.

Siðareglur, hagsmunaárekstrar og trúnaðarskylda

Í samræmi við framangreint hefur stjórn félagsins sett félaginu siðareglur og reglur um hagsmunaárekstra sem nálgast má á heimasíðu félagsins, www.kvikaeignastyring.is. Þá býður KES starfsmönnum sínum upp á heilsusamlegt, traust og jákvætt vinnuumhverfi, sem mótast af jöfnum tækifærum. Áhersla er lögð á að tryggja fagmennsku starfsmanna og ákvarðanir þeirra taki mið af gildum félagsins um langtímahugsun og hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Jafnframt hefur stjórn félagsins sett verklagsreglur um eigin viðskipti KES og starfsmanna félagsins. Markmið þessara reglna er að stuðla að óhlutdrægni gagnvart viðskiptavinum og sjóðum í rekstri félagsins og jafnræði á milli þeirra, koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, tryggja óhæði starfsmanna og trúnað og trúverðugleika vegna viðskipta KES fyrir eigin reikning. Stjórn og framkvæmdastjóri viðhafa eftirlit með mati á hagsmunaárekstrum, verklagi í tengslum við það s.s. skjalfestingu, stýringu og viðbrögð við hagsmunaárekstrum hjá stjórn og starfsmönnum í almennri starfsemi félagsins.

Umboðsvandi

Starfsreglum stjórnar er ætlað að tryggja jafnræði við meðferð mála fyrir stjórn, vandaða og óháða málsmeðferð og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi. Í því skyni er starfsreglum stjórnar ætlað að styrkja umgjörð um viðskipti stjórnarmanna og félaga þeim tengdum við KES og aðgang stjórnarmanna að upplýsingum um viðskiptamenn.

5. Lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar og undirnefnda stjórna:

Í stjórn KES sitja þrjú aðalmenn og tveir varamenn. Þeir eru kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnarmenn KES eru með fjölbreyttan bakgrunn og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu. Framkvæmdastjóri og forstöðumaður fjármála og rekstrar sitja stjórnarfundi ásamt yfirlögfræðingi félagsins sem ritar fundargerð. Stjórn KES fundar mánaðarlega og oftast ef þurfa þykir. Stjórn KES stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna félagsins gagnvart þriðja aðila. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, ákveður starfskjör hans og veitir prókúruumboð. Stjórnin starfar samkvæmt starfsreglum stjórnar þar sem kveðið er ítarlega á um störf hennar, þar á meðal um óhæði stjórnarmanna, valdsvið þeirra og ritun firma, verkaskiptingu og fundarsköp, viðskiptaerindi stjórnarmanna og tengdra aðila, upplýsingagjöf og þagnarskyldu. Stjórn KES fundaði alls 15 sinnum árið 2021. Fullnægjandi mæting var á alla fundi.

Í KES eru starfsræktar tvær undirnefndir stjórnar, annars vegar nefnd sem ber heitið Starfsnefnd stjórnar og hins vegar endurskoðunarnefnd.

Í starfsnefnd stjórnar sitja Andri Vilhjálmur Sigurðsson, sem er formaður, Óttar Már Ingvarsson og Guðmundur Þórðarson. Nefndinni er m.a. ætlað að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn félagsins, vegna mótunar áhættustefnu og áhættuvilja KES. Nefndin hefur m.a. eftirlit með og er til ráðgjafar fyrir stjórn um viðbrögð við áhættu, mótunar á áhættustefnu og áhættuvilja félagsins og einstaka verkþætti að beiðni stjórnar KES. Nefndin fundaði fjórum sinnum á árinu. Fullnægjandi mæting var á alla fundi. Nefndin hefur sett sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa nefndarinnar og eru þær staðfestar af stjórn félagsins. Stjórn skipar nefndarmenn í nefndina og skipar formann hennar sem kemur úr stjórn KES. Vegna eðlis nefndarinnar eiga hvorki framkvæmdastjóri né aðrir starfsmenn sæti í nefndinni.

Hlutverk endurskoðunarnefndar er að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn félagsins m.a. við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga og óhæði endurskoðunar félagsins. Þá hefur nefndin eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, virkni innra eftirlits og störfum innri og ytri endurskoðunar. Í endurskoðunarnefnd sitja Ingunn Svala Leifsdóttir, formaður, Hrönn Sveinsdóttir, Inga Björg Hjaltadóttir og Helga Kristín Auðunsdóttir. Nefndin fundaði 8 sinnum á árinu. Fullnægjandi mæting var á alla fundi. Nefndin hefur sett sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa nefndarinnar og eru þær staðfestar af stjórn félagsins. Stjórn skipar nefndarmenn í nefndina.

Framkvæmdastjóri félagsins veitir nánari upplýsingar um starfsreglur og starfsemi stjórnar og undirnefnda. Starfsreglur nefndanna og starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsíðu KE, www.kvikaegnistyring.is.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri

6. Upplýsingar um stjórnarmenn:

Hrönn Sveinsdóttir, formaður stjórnar (f. 1967), er sjálfstætt starfandi sem stofnandi, meðeigandi og stjórnarmaður í Smart finance ehf. og meðeigandi í Íslandskrónu ehf. Hrönn hefur hátt í 30 ára stjórnunarreynslu þar sem hún gegndi starfi framkvæmdastjóra fjármála- og rekstrarsviðs hjá Sýn hf. á árunum 2005-2019. Þar áður gegndi hún sama starfi hjá P. Samúelssyni sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs frá 1992-2005 ásamt því að bera ábyrgð á mannauðsstjórnun félagsins. Hrönn hefur setið í stjórnnum fjölmargra félaga nú síðast sem aðalmaður í stjórn Kviku banka 2017-2021 þar sem hún sat einnig í endurskoðunarnefnd og síðastliðið ár sem formaður. Hrönn lauk Cand.oecon prófi í viðskiptafræði af endurskoðunarsviði frá Háskóla Íslands árið 1992. Hrönn tók sæti í stjórn Kviku eignastýringar árið 2021 og telst vera óháður stjórnarmaður.

Óttar Már Ingvarsson, varaformaður (f. 1971), er rekstrarstjóri útgerðarfyrirtækisins Newfoundland Resources (NRL) í Kanada. Hann er vélfræðingur og lauk B.Sc. honor gráðu í sjávarútvegsfræðum frá Háskólanum á Akureyri 2001. Óttar hefur jafnframt lokið námi til löggildingar sem fasteigna- og skipasali og prófi í verðbréfavíðskiptum. Óttar var kosinn í stjórn KES á aðalfundi árið 2009. Óttar er ekki hluthafi í KE. Hann hefur engin hagsmunatengsl við viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Andri Vilhjálmur Sigurðsson, meðstjórnandi (f. 1972), er lögmaður og eigandi að Lögmonnum Lækjargötu. Andri lauk prófi frá Lagadeild Háskóla Íslands árið 1998. Andri hefur starfað sem lögmaður í fjármálafyrirtækjum hér á landi og erlendis í fjölda ára. Andri hefur setið í stjórnnum sjóða og rekstrarfélaga sjóða hér á landi og erlendis frá árinu 2002. Andri var kosinn í stjórn KES á aðalfundi árið 2020. Andri er ekki hluthafi í KE. Hann hefur engin hagsmunatengsl við viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Andrea Olsen, varamaður (f.1980), er lögmaður hjá Frigus ehf. Andrea var fyrst kosin í varastjórn á aðalfundi árið 2021. Hún hefur engin hagsmunatengsl við viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

Ólafur Páll Vignisson, varamaður (f.1984), er lögmaður á Lögfræðistofu Reykjavíkur. Hann lauk meistaranámi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2009 og hefur m.a. starfað sem lögmaður á LOGOS lögmannsþjónustu og Landhelgisgæslu Íslands. Ólafur var fyrst kosinn í varastjórn á aðalfundi árið 2020. Ólafur er ekki hluthafi í KE. Hann hefur engin hagsmunatengsl við viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

7. Upplýsingar um hvaða stjórnarmenn eru óháðir félaginu og stórum hluthöfum:

Allir stjórnarmenn og varamenn í stjórn eru óháðir KES og stórum hluthöfum þess.

8. Helstu þættir í árangursmati stjórnar:

Í kafla 2.6 í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja er gert ráð fyrir að stjórn viðhafi árangursmat einu sinni á ári. Árangursmat stjórnar er framkvæmt með þeim hætti að stjórnarmenn svara nafnlausri könnun um störf stjórnar á síðastliðnu starfsári. Í könnuninni er m.a. leitað svara um viðhorf einstakra stjórnarmanna til starfa stjórnarinnar og félagsins í heild, fyrirkomulags stjórnarfunda, samsetningar stjórnar, trausts til stjórnarformanns og framkvæmdastjóra, tíma sem stjórn skal verja í einstök mál o.s.frv. Að lokinni könnun er niðurstöðum safnað saman og þær kynntar fyrir stjórn til umræðu og ákvörðunar um úrbætur ef þörf er á. Fyrirkomulagið hefur gefist vel og er ánægja innan stjórnar með framkvæmd þess.

Árangursmat stjórnar var síðast framkvæmt í mars 2021.

9. Upplýsingar um framkvæmdastjóra KES og lýsing á helstu skyldum hans:

Hannes Frímann Hrólffsson (f. 1976), tók við starfi framkvæmdastjóra KES í september 2019. Hann hefur lokið Cand.oecon gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Hannes hefur starfað á fjármálamarkaði í yfir 20 ár, m.a. sem framkvæmdastjóri eignastýringar Kviku banka hf., forstjóri Virðingar hf. og sem framkvæmdastjóri Auðar Capital og er einn stofnenda Tinda verðbréfa og aðstoðarframkvæmdastjóri fjárstýringar og markaðsviðskipta hjá Arion banka og Kaupþingi.

Hannes hefur engin hagsmunatengsl við viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa KE. Hannes á áskriftarréttindi í Kviku banka hf.

Samkvæmt samþykktum KES fer framkvæmdastjóri með stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd félagsins í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á reikningshaldi, ráðningu starfsmanna og að starfsemi félagsins sé í samræmi við viðeigandi lög. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar þær upplýsingar sem þeir kunna að óska um rekstur félagsins og veita ber samkvæmt lögum.

10. Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- og eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað:

Engar kvartanir eða athugasemdir hafa borist KES frá viðskiptavinum eða öðrum vegna ávirðinga um brot félagsins eða starfsmanna þess á lögum eða reglum sem um starfsemi félagsins gilda.

11. Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar:

KES er ekki skráð í kauphöll en birtir fréttir af starfsemi sinni á heimasíðu fyrirtækisins og sendir jafnframt út fréttatilkynningar ef markverðar breytingar hafa orðið á starfsemi félagsins. Á aðalfundum er farið ítarlega yfir starfsemi félagsins og enn fremur kallað til hluthafafunda ef ástæða er til.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi var yfirfarin og samþykkt á fundi stjórnar KES þann 16. desember 2021.